

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 15. mars kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 720. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Marta Grettisdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Margrét Þormar, Ingvar Jón Bates Gíslason, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Lilja Grétarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

## Þetta gerðist:

- Hólmsheiði, athafnasvæði, nýtt** (04.4) Mál nr. SN170467  
*deiliskipulag* Skjalnr. 10771  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs um nýtt deiliskipulag fyrir Hólmsheiði, athafnasvæði. Skipulagssvæðið er um 60 ha að stærð og liggur að jaðri vatnsverndarsvæðis Höfuðborgarsvæðisins og er í jaðri græna trefilsins. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að skipuleggja athafnasvæði, með fjölbreyttum atvinnulóðum innan svæðis, undir ýmis konar starfsemi sem fellur að markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030, þ.á.m. lóðum fyrir gagnaver, skv. uppdr. Arkís arkitekta dags. 18. október 2018. Einnig er lögð fram greinargerð, skipulagsskilmálar og umhverfisskýrsla Arkís arkitekta ehf. dags. 18. október 2018. Jafnframt er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur, greinargerð Íslenskra orkurannsókna dags. 1. september 2018, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. september 2018. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Veitur dags. 31. janúar 2019. Einnig er lögð fram umsögn Mosfellsbæjar dags. 18. febrúar 2019, umsögn Umhverfisstofnunar dags. 8. mars 2019, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 11. mars 2019, umsögn Landsnets dags. 11. mars 2019 og minnisblað VSO ráðgjafar dags. 11. mars 2019.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Hólmsheiði, Fisfélag Reykjavíkur, breyting** (05.18) Mál nr. SN190165  
*á deiliskipulagi* Skjalnr. 10705  
560389-1089 Fisfélag Reykjavíkur, Pósthólf 8702, 128 Reykjavík  
591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Sveinbjörns Jónssonar dags. 11. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hólmsheiðar, athafnasvæðis Fisfélags Reykjavíkur. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit á svæði A, samkvæmt uppdr. Möndull verkfræðistofu ehf. dags. 1. febrúar 2019.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

3. **Kjalarnes, Brautarholt 11, (fsp) breyta hluta bílskúrs í stúdíó herbergi** Mál nr. SN190113  
Skjalnr. 10166  
Herdís Þórðardóttir, Brautarholt 11, 162  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn Herðisar Þórðardóttur dags. 20. febrúar 2019 um að breyta hluta bílskúrs á lóð nr. 11 við Brautarholt á Kjalarnesi í tvö stúdíó herbergi. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019 samþykkt.*
4. **Laugardalur, Þróttur, gervigrassvæði (01.39)** Mál nr. SN190098  
Skjalnr. 6914  
470678-0119 Knattspyrnufélagið Þróttur, Engjavegi 7, 104 Reykjavík  
Lagt fram bréf íþrótta- og tómstundasviðs dags. 13. febrúar 2019 vegna samþykktar á fundi menningar, íþrótta- og tómstundaráðs frá 11. febrúar 2019 um að vísa til umhverfis- og skipulagssviðs og ÍTR erindi Knattspyrnufélags Þróttar dags. 18. janúar 2019 þar sem óskað er eftir viðræðum um stækkun á gervigrassvæði Þróttar í Laugardalnum.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
5. **Reykjavegur 15, Laugardalsvöllur, (fsp) (01.37)** Mál nr. SN190047  
Skjalnr. 11335  
*bílastæði*  
510397-2159 KSÍ-Laugardalsvöllur, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn Jóhanns Gunnars Kristinssonar dags. 22. janúar 2019 um að setja tvö bílastæði á lóð nr. 15 við Reykjaveg fyrir hleðslustöðvar. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.*
6. **Stekkjarkakki Þ73, nýtt deiliskipulag (04.6)** Mál nr. SN160907  
Skjalnr. 6462  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga Landslags ehf. dags. 14. desember 2018 að deiliskipulagi fyrir Stekkjarkakka Þ73. Um er að ræða nýtt skipulag á svæðinu norðan Stekkjarkakka þar sem er skilgreint opið svæði og þróunarsvæði samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Í tillögunni eru skilgreindar nýjar lóðir, byggingareitir og hámarks byggingarmagn á svæðinu. Sýndar eru nýjar aðkomur inn á svæðið og fjöldi bílastæða skilgreint. Tillagan var auglýst frá 21. janúar 2019 til og með 4. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/ábendingar: Guðrún Bára Gunnarsdóttir dags. 30. janúar 2019, Halldór Páll Gíslason, f.h. Hollvínasamtaka Elliðaárdalsins dags. 7. febrúar 2019, Stefán Jón Hafstein, dags. 19. febrúar 2019, Páll Ísólfrur Ólason og fjölskylda dags. 26. febrúar 2019, Hallur Heiðar Hallsson, dags. 1. mars 2019, Guðrún Helga Theodórsdóttir dags. 2. mars 2019, Linda Rós Guðmundsdóttir dags. 2. mars 2019, Halldór Frimannsson dags. 3. mars 2019, Hjördís Hendriksdóttir dags. 3. mars 2019, Guðjón Sigurbjartsson dags. 3. mars 2019, Sædis Þorleifsdóttir dags. 3. mars 2019, Kolbrún Elíasdóttir og Björn Bjarnason dags. 3. mars 2019, Signý Sæmundsdóttir dags. 3. mars 2019, Ólafur Kr. Guðmundsson dags. 3. mars 2019, Anna Kístín Einarsdóttir dags. 3. mars 2019, Sigurður Sigurjónsson dags. 3. mars 2019, Hildur Nielsen dags. 3. mars 2019, Halldóra Sveinsdóttir dags. 3. mars 2019, Edda Kristín Reynis dags. 3. mars 2019, Hallur Heiðar Hallsson dags. 3. mars 2019, Guðbjörg Eggertsdóttir dags. 3. mars 2019, Jósep Valur Guðlaugsson dags. 4. mars 2019, Sveinn Atli Gunnarsson dags. 4. mars 2019, Jón Smári Úlfarsson dags. 4. mars 2019, Bergljót Rist dags. 4. mars 2019, Valgerður Sigurðardóttir dags. 4. mars 2019, Guðmundur Eyjólfsson dags. 4. mars 2019, Tryggvi G. Tryggvason dags. 4. mars 2019, Unnur Sveinsdóttir og Hafþór Snæbjörnsson dags. 4. mars 2019, Auðna Ágústsdóttir dags. 4.

mars 2019, Birkir Björnsson dags. 4. mars 2019, Sigurlaug Jónsdóttir dags. 4. mars 2019, Anni G. Haugen dags. 4. mars 2019, Magnús Þorgrímsson dags. 4. mars 2019, Guðmundur Tryggvi Sigurðsson dags. 4. mars 2019, Jón Eiríksson dags. 4. mars 2019, Þórunn Óskarsdóttir og Sigurður Hjartarson dags. 4. mars 2019, Guðrún Ágústsdóttir dags. 4. mars 2019, Ragnheiður Kristjánsdóttir dags. 4. mars 2019, Svavar Hrafn Svavarsson dags. 4. mars 2019, Sigurður Ingi Arnars Unuson dags. 4. mars 2019, Íris Hafsteinsdóttir dags. 4. mars 2019, Eva Yngvadóttir og Sigurjón Sigurjónsson dags. 4. mars 2019, Sigrún Jónsdóttir dags. 4. mars 2019, Ragnheiður Ólafsdóttir dags. 4. mars 2019, Anna Sif Jónsdóttir, Arnar Jónsson og Anna Dögg Arnarsdóttir dags. 4. mars 2019, Margrét Aðalheiður Markúsdóttir dags. 4. mars 2019, Dagný Bjarnadóttir dags. 4. mars 2019, Guðrún Ísafold Hilmarsdóttir dags. 4. mars 2019, Guðmundur V. Guðmundsson dags. 4. mars 2019, Björn I. Guðmundsson dags. 4. mars 2019, Guðmundur Axel Hansen f.h. íbúa í Hólastekk 4 dags. 4. mars 2019, Kolbrún Ýr Sigfúsdóttir dags. 4. mars 2019, Lilja Sigrún Jónsdóttir dags. 4. mars 2019, Una Sigurðardóttir dags. 4. mars 2019, Torfi Stefán Jónsson dags. 4. mars 2019, Halldór Páll Gíslason dags. 4. mars 2019 og Hollvínasamtök Elliðaárdalsins dags. 4. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn Umhverfisstofnunar dags. 4. mars 2019, umsögn Veitna dags. 13. mars 2019 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 14. mars 2019.

*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

7. **Úlfarsbraut 126, framkvæmdaleyfi** (05.056.5) Mál nr. SN190167  
Skjalnr. 12752

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 12. mars 2019 um framkvæmdaleyfi vegna færslu og fergingu æfingavalla á lóð nr. 126 við Úlfarsbraut. Einnig er lagt fram bréf VSÓ ráðgjafar dags. 8. mars 2019 ásamt uppdr. dags. 4. mars 2019.

*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Hallgerðargata 10, Fjölbýlishús** (01.349.601) Mál nr. BN055692  
Skjalnr. 14073

490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að reisa tveggja og þriggja hæða fjölbýlishús með alls 44 íbúðum og bílakjallara með 25 stæðum, steinsteypt og einangrað að utan, fyrir Bjarg íbúðafélag, á lóð nr. 10-16 við Hallgerðargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.

Stærðir nr. 10-12 (MHL-01): 1.080,5 ferm., 3.422,5 rúmm. Stærðir nr. 14-16 (MHL-02): 1.749,7 ferm., 5.517,0 rúmm. Bílageymsla (MHL-03): 628,4 ferm., 1.759,8 rúmm. Samtals stærðir: 3.458,6 ferm., 10.699,3 rúmm. Erindinu fylgja skýrslur Brekke & Strand Akustikk AS um hljóðvist innanhúss dagsettar 11. janúar 2019 og 4. febrúar 2019, skýrsla „Heildar varmatapsrammi, frá Ask arkitektum dagsett 16. janúar 2019, greinagerðir aðalhönnuðar dagsettar 5. febrúar 2019 og 21. febrúar 2019.

Gjald kr. 11.200

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019 samþykkt.*

9. **Laufásvegur 43, (fsp) innkeyrsla og bílastæði** (01.185.3) Mál nr. SN190101  
Skjalnr. 5621  
Bergur Benediktsson, Brúnavegur 8, 104 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Bergs Benediktssonar dags. 17. febrúar 2019 ásamt bréfi dags. 17. febrúar 2019 um að gera innkeyrslu á lóð nr. 43 við Laufásveg og tvö bílastæði.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
10. **Vesturgata 46A, (fsp) setja kvist og svalir á rishæð, afleggja stiga á bakhlið og setja vinnustofu á baklóð** (01.131.0) Mál nr. SN190158  
Skjalnr. 11626  
Anna Svava Sverrisdóttir, Vesturgata 46A, 101 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitekta ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 7. mars 2019 um að setja kvist og svalir á rishæð hússins á lóð nr. 46A við Vesturgötu, framlengja stiga í aðalstigahúsi upp á 3. hæð og afleggja stiga á bakhlið hússins og setja ca. 25-30 fm. vinnustofu á baklóð, samkvæmt uppd. THG Arkitekta ehf. dags. 6. mars 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
11. **Úlfarsbraut 84, Fjölbýlishús** (02.698.604) Mál nr. BN055838  
Skjalnr. 13441  
550115-0180 SA Byggingar ehf., Desjamýri 8, 270 Mosfellsbær  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða fjölbýlishús með sex íbúðum úr krosslímdum timbureiningum, CLT, einangrað að utan, klætt áli og timbri á lóð nr. 84 við Úlfarsbraut. Erindi fylgir bréf hönnuða dags. 22. febrúar 2019 ásamt útreikningi á orkuramma byggingardags. 23. október 2018. Stærð, A-rými: 621,9 ferm., 1.894,7 rúmm. B-rými: 17,8 ferm., 51,6 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
12. **Úthlíð 7, (fsp) hækkun á þaki, fjölgun íbúða o.fl.** (01.270.1) Mál nr. SN190146  
Skjalnr. 13546  
420299-2069 ASK Arkitekta ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Ragnar Örn Steinarsson, Úthlíð 7, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 28. febrúar 2019 ásamt bréfi dags. 28. febrúar 2019 um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 7 við Úthlíð, setja kvisti og svalir á þakið og útbúa sér íbúð í risi, samkvæmt uppd. ASK Arkitekta ehf. dags. 27. febrúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019 samþykkt.*
13. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A, breyting á deiliskipulagi** (01.174.1) Mál nr. SN180830  
Skjalnr. 5238  
411112-0200 Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholt 8, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 5. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að ekki er lengur heimilt að rífa húsin að Hverfisgötu 98A og 100, en heimilt verður að hækka þau um eina hæð og ris. Í hvoru húsi má að gera ráð fyrir einni íbúð á hverri hæð, allt að 4 íbúðum í hvoru húsi. Kvöð verður um aðkomu gangandi um undirgöng á Hverfisgötu 98A að baklóð. Heimilt verður að rífa núverandi hús að Hverfisgötu 100A og byggja í staðinn nýtt hús á lóðinni, kjallara, 3 hæðir og ris, með allt að 6 íbúðum af

mismunandi stærðum. Heimilt verður að byggja svalir til suðurs allt að 1,6 m að dýpt. Á jarðhæðum má gera ráð fyrir íbúðum og því er ekki lengur skilyrði að vera þar með verslunar- eða þjónustustarfsemi, samkvæmt uppdr. Arkþings ehf. dags. 12. mars 2019. Einnig er lagt fram tillöguhefti ódags. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*

14. **Laugavegur 73, breyting á deiliskipulagi** (01.174.0) Mál nr. SN190156  
Skjalnr. 6357

460715-0320 Fiskistígur ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík  
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn PKdM Arkitekta ehf. dags. 7. mars 2019 ásamt bréfi dags. 5. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Landsbankareits, Reitur 1.174.0, vegna lóðarinnar nr. 73 við Laugaveg. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 9 í 10, inngangur að efri hæðum er færður á Laugaveg, inndráttur á 5. hæð sem snýr að Laugavegi vefur verði málsettur á uppdrætti og heimilt er að búnaður á þaki s.s. lyftuhús og tæknibúnaður fari upp fyrir tilgreindan hámarkskóta, samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 5. mars 2019.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Laugavegi 70, 71, 72, 74 og 77.*

*Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

15. **Njálsgata 42, (fsp) bílskúr/vinnustofa** (01.190.2) Mál nr. SN190161  
Skjalnr. 13406

Hlynur Helgi Sigurðsson, Njálsgata 42, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hlyns Helga Sigurðssonar mótt. 1. mars 2019 varðandi byggingu bílskúrs/vinnustofu á lóð nr. 42 við Njálsgötu.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

16. **Hverfisgata 123, Byggja ofan á** (01.222.117) Mál nr. BN055805  
Skjalnr. 9442

691199-3559 Tómas & Dúna ehf, Bergholti 2, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 22. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja 3. hæð að mestu, byggja tvær hæðir ofaná framhús, byggja hæð ofaná bakhús, byggja opið stigahús í bakgarði, samræma glugga og byggja svalir á götuhlið, breyta innra skipulagi í íbúð á 2. hæð og innrétta þrjár nýjar íbúðir í húsi á lóð nr. 123 við Hverfisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.

Stækkun: 158,8 ferm., 513,6 rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 615,7 ferm., 1.762,7 rúmm. B-rými: 26,3 ferm., 94,2 rúmm. Gjald kr. 11.200

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.*

17. **Skipholt 31, (fsp) falla frá bilastæðagjöldum** Mál nr. SN190128  
Skjalnr. 6138

490703-3060 Víðsjá-kvikmyndagerð ehf., Birkihlíð 13, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn Víðsjá-Kvikmyndagerðar ehf. mótt. 25. febrúar 2019 ásamt erindi dags. 15. febrúar 2019 um heimild til að falla frá bílastæðagjöld á lóð nr. 31 við Skipholt þar sem 6 bílastæði á lóð fara undir fyrirhugaða viðbyggingu. Einnig er lagt fram bréf Víðsjá-kvikmyndagerðar dags. 12. september 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019 samþykkt.*

18. **Flóragata 16A, Bílskúr** (01.247.204) Mál nr. BN055797  
Skjalnr. 14087  
570210-1140 Jóli slf., Flóragötu 16a, 105 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr í suðausturhorni lóðar nr. 16A við Flóragötu.  
Stærðir: 36.4 ferm., 107.7 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.247.2 dags. 1. september 1948.  
Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
19. **Héðinsgata 8, breyting á deiliskipulagi, búsetuúrræði Velferðarsviðs - smáhýsi** Mál nr. SN180859  
Skjalnr.  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Köllunarkletts til að koma fyrir 1-5 ca. 30m<sup>2</sup> smáhýsum fyrir skjólstæðinga Velferðarsviðs Reykjavíkur /Félagsbústaða. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri lóð Héðinsgata 8 fyrir smáhýsin, á núverandi bílastæði á borgarlandi, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Stiku ehf. dags. 12. desember 2018. Einnig er lögð fram umsögn Faxafloahafna sf. dags. 2. janúar 2019. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Örn Helgason f.h. Héðinsgötu 10 ehf. dags. 5. mars 2019, Kristján Sveinlaugsson f.h. Þingvangs dags. 11. mars 2019, Arnar Þór Ólafsson dags. 11. mars 2019, Stella Guðrún Arnarsdóttir mótt. 11. mars 2019, Ólafur H. Ólafsson f.h. Spörvar Líknarfélag Reykjavíkur mótt. 11. mars 2019, Aron Örn Jakobsson mótt. 11. mars 2019, Kristinn A. Kristinsson mótt. 11. mars 2019, Haraldur Guðnason mótt. 11. mars 2019, Karítas Ósk Þorsteinsdóttir f.h. Alanó Klúbbinn mótt. 11. mars 2019, Ólafur Þórir Guðjónsson mótt. 11. mars 2019, Sigurður Ólafsson mótt. 11. mars 2019, Sigurður Konráðsson mótt. 11. mars 2019, Hrefna Rán mótt. 11. mars 2019, Sigurður Þór Þórsson mótt. 11. mars 2019 og Ásta Björg Jörundar mótt. 11. mars 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
20. **Laugavegur 170-174, 172 - Breytingar inni - rýmisheiti** (01.250.201) Mál nr. BN055703  
Skjalnr. 7016  
510315-2780 Sara Pod hostel ehf., Laugavegi 172, 105 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta gististað á 3. hæð úr flokki II í flokk IV tegund D og að breyta innra skipulagi sem felst í að koma fyrir bar við hliðina á móttöku, kaffistofu stafsmanna breytt í gestaeldhús og fækka stafsmanasalernum úr tveimur í eitt í húsinu nr. 172 á lóð nr. 170 -174 við Laugaveg.  
Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

21. **Elliðabraut 4-6, 8-10 og 12, breyting á** (04.772.3) Mál nr. SN190121  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 11277  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Hermanns Georgs Gunnlaugssonar dags. 21. febrúar 2019 ásamt greinargerð dags. 28. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðanna nr. 4-6, 8-10 og 12 við Elliðabraut. Í breytingunni felst að stækka afmörkun deiliskipulags að Breiðholtsbrautinni að núverandi göngustíg frá undirgöngum úr Víðidal að Björnslundi og að hringtorgi við Þingtorg, gera hljóðmön og göngu- og hjólastíg milli Breiðholtsbrautar og Elliðabrautar 4-6, 8-10 og 12, fjölga íbúðum við Elliðabraut 8-10 og 12, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 4. mars 2019.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
- Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1231/2018.*
22. **Háskóli Íslands, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190115  
*vegna lóðanna nr. 41-43 við Suðurgötu og 29* Skjalnr. 7867  
*og 31 við Hringbraut*  
471107-0180 Andrúms arkitektar ehf., Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Andrúms arkitekta ehf. dags. 21. febrúar 2019 ásamt bréfi dags. 20. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austan Suðurgötu, vegna lóðanna nr. 41-43 við Suðurgötu og 29 og 31 við Hringbraut. Í breytingunni felst að fjölga stúdentaíbúðum á háskólasvæðinu með stækkun á Gamla Garði með viðbyggingu og hugsanlegri nýtingu Stapa sem stúdentaíbúða, samkvæmt uppdr. Andrúms arkitekta ehf. dags. 15. febrúar 2019.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
23. **Mávahlíð 15-17, (fsp) bílskúr** (01.702.1) Mál nr. SN190110  
Skjalnr. 14085  
Gísli Viðar Eggertsson, Stigahlíð 91, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn Gísla Viðars Eggertssonar dags. 20. febrúar 2019 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 15-17 við Mávahlíð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019 samþykkt.*
24. **Kamsvegur 1, (fsp) - Útlitsbreyting** (01.353.001) Mál nr. BN055887  
Skjalnr. 11516  
Guðrún Magnúsdóttir, Strandvegur 26, 210 Garðabær  
Lagt fram erindi frá afgangslufundi byggingarfulltrúa frá 12. mars 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til að breyta framhlið bílskúrs þannig að sett verði inngönguhurð og gluggar í stað bílskúrshurðar, þar sem bílskúr hefur um langt bil ekki verið notaður til að hýsa bíl, á lóð nr. 1 við Kamsveg. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019 samþykkt.*

25. **Kambsvegur 24, (fsp) stækkun** (01.354.1) Mál nr. SN190134  
*bílskúrs/vinnustofa og garðskáli* Skjalnr. 11814  
 Viggó Þór Marteinsson, Kambsvegur 24, 104 Reykjavík  
 Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn Magnúsar Jenssonar dags. 26. febrúar 2019 um stækkun á bílskúr á lóð nr. 24 við Kambsveg og gera þar vinnustofu og garðskála, samkvæmt uppdr. Magnúsar Jenssonar dags. 26. febrúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019 samþykkt.*
26. **Fannafold 5, (fsp) stækkun húss til suðurs** (02.855.7) Mál nr. SN190159  
 Skjalnr. 14096  
 Hrafna Júlíusdóttir, Fannafold 5, 112 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Hrafnu Júlíusdóttur dags. 7. mars 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 5 við Fannafold til suðurs, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar RÚM dags. 7. mars 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
27. **Rökkvatjörn 3, (fsp) breyting á** (05.051.4) Mál nr. SN180835  
 Skjalnr. 14052  
*deiliskipulagi*  
 660504-2060 Plúsarkitekta ehf, Fiskilóð 31, 101 Reykjavík  
 510497-2799 Félagsbústaðir hf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. mars 2019 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 5. desember 2018 um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 3 við Rökkvatjörn sem felst í stækkun á byggingarreit til norðurs og suðurs og fjölgun bílastæða, samkvæmt tillögu Plúsarkitekta ehf. dags. 5. desember 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019 samþykkt.*
28. **Hamrahlíð 17, (fsp) stækkun húss** (01.714.1) Mál nr. SN190157  
 Skjalnr. 5398  
 420299-2069 ASK Arkitekta ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 7. mars 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 17 við Hamrahlíð sem felst í að byggja inndregna hæð yfir hluta hússins sem snýr að Stakkahlíð, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 7. mars 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
29. **Haukdælbraut 106, Einbýlishús** (05.113.503) Mál nr. BN055848  
 Skjalnr. 14067  
 Jón Ingi Lárusson, Lyngmói 10, 800 Selfoss  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. mars 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús á pöllum með innbyggðri bílgeymslu, að hluta einangrað að utan og klætt koparlitaðri áklæðningu og að hluta til einangrað að innan og múrhúðað á lóð nr. 106 við Haukdælbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.  
 Stærð, A-rými: 266,9 ferm., 969,7 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.*



30. **Háagerði 21, Bílageymsla - sólstofa** (01.815.211) Mál nr. BN055657  
Skjalnr. 14070  
Ólafur Þorsteinsson Briem, Háagerði 21, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. mars 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja geymslu og sólstofu við eldhús raðhúss á lóð nr. 21 við Háagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019. Einnig fylgir bréf umsækjanda dags. 30. janúar 2019 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. febrúar 2019 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Stækkun: 40,4 ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200+11.200  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2019.*
31. **Hrísateigur 45, (fsp) svalir** (01.346) Mál nr. SN190166  
Skjalnr. 14098  
Kristín Soffía Jónsdóttir, Hrísateigur 45, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Gunnars Sigurðssonar dags. 12. mars 2019 um að koma fyrir svölum á norðvesturhlið, bakvegg, 1. og 2. hæðar hússins á lóð nr. 45 við Hrísateig, samkvæmt tillögu/skissu ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
32. **Grandagarður 2, (fsp) breyttar lofthæðir á samþykktu deiliskipulagi** (01.01) Mál nr. SN190163  
Skjalnr. 6936  
611211-1390 M3 Capital ehf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 11. mars 2019 ásamt bréfi dags. 8. mars 2019 um breytingu á lofthæðum í fyrirhugaðri nýbyggingu á lóð nr. 2 við Grandagarð. Einnig eru lagðar fram skýringarmyndir THG Arkitekta ehf. dags. 30. október 2018.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
33. **Héðinsreitur, reitur 1.130.1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.1) Mál nr. SN170526  
Skjalnr. 6188  
421003-3430 Teikn arkitektapjónusta ehf, Skipholti 25, 105 Reykjavík  
Að lokinni auglýsing er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Héðinsreit. Breytingin nær til byggingarreita, byggðamynsturs, lóðamarka, hæða húsa og starfsemi á jarðhæðum. Felld er úr gildi byggingarheimild fyrir hjúkrunarrými og heimild bætt inn fyrir samsvarandi byggingarmagn undir íbúðir og heimild er sett inn fyrir hótél við Seljaveg, samkvæmt uppd., greinagerð og hönnunarhandbók dags. 20. desember 2018. Einnig er lögð fram húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 17. desember 2018. Tillagan var auglýst frá 28. janúar 2019 til og með 11. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Björgólfur Thorsteinsson f.h. Húsfélagsins Vesturgata 69-75 dags. 8. mars 2019, Sif Jónsdóttir dags. 10. mars 2019, Árný E. Sveinbjörnsdóttir f.h. íbúa í 301, Vesturgötu 73, dags. 10. mars 2019, Stefanía Helga Skúladóttir dags. 11. mars 2019, Guðrún Birna Brynjarsdóttir dags. 11. mars 2019, Hafþór Óskarsson, Unnsteinn Jóhannsson, Helga Arnardóttir, Bryndís Brandsdóttir, Birna Óskarsdóttir, Úlfar Gíslason og Marta Valgeirsdóttir dags. 11. mars 2019, Steinþór Þorsteinsson dags. 11. mars 2019, Íbúasamtök Vesturbæjar dags. 11. mars 2019 og Sveinn Sigurður Kjartansson dags. 12. mars 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

Björn Axelsson

Marta Grettisdóttir